

Alþingi
Erindi nr. P 130/112
komudagur 13.11.2003



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2003

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands.

Stúdentaráð Háskóla Íslands fær ekki séð að sérstaða Happdrættis Háskóla Íslands sem eina peningahappdrættis landsins sé mikil. HHÍ á í mikilli samkeppni við önnur happdrætti. Bæði samkeppni við happdrætti sem eru svipuð að formi til en greiða ekki út peningavinninga og annars konar happdrætti á borð við lottó og getraunir sem greiða vinninga út í peningum en þurfa þó ekki að greiða fyrir það sérstakt gjald.

Í ljósi þess og vegna eðlis starfsemi HHÍ er það skoðun SHÍ að fella eigi niður einkaleyfisgjaldið, sem nemur 20% af hagnaði Happdrættisins. Ráðið telur að best færi á að fella einkaleyfið niður svo jafnræðis sé gætt gagnvart HHÍ vegna gjaldsins og til þess að svipuð happdrætti geti starfað á sömu forsendum og HHÍ.

Til frekari stuðnings má nefna að nánast allt húsnæði skólans er byggt fyrir fé frá Happdrætti Háskólans. Núna býr Háskólinn við fjárskort, sérstaklega vegna fjölgunar nemenda. Frá 1997 hefur stúdentum fjölgað um 60% en húsnæði Háskólans aðeins aukist um 2.000 m² úr 50.000 m² í 52.000 m².

Með vinsemd og virðingu

A handwritten signature in black ink that reads 'Davíð Gunnarsson'.

Davíð Gunnarsson
Formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands